

Hafnarfjarðarbær

Ársreikningur  
2009

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kt. 590169-7579

# Efnisyfirlit

---

Áritun bæjarstjóra .....	3
Áritun bæjarstjórnar .....	4
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Áritun bæjarstjóra

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 14.161 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 12.908 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,24% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,60% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 1.681 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 1.513 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2009 nam 6.922 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 4.068 millj. kr.

Á árinu var gert samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur um uppgjör á viðskiptum með hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf., nú HS Orka hf. og HS Veitur hf. Ágreiningur um viðskiptin var rekinn fyrir dómstólum en með samkomulaginu náðist sátt og voru málaferlin látin niður falla. Fallið var frá viðskiptum með eignarhluti í HS Veitu hf. og hluti dráttarvaxta felldur niður. Í ársreikningi 2008 var tekjufærður söluhagnaður og dráttarvextir til samræmis við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Leiðrétting á þeim færslum til samræmis við samkomulagið er færð á eiginfjárreikning og er samanburðartölum breytt. Á árinu seldi sveitarfélagið þau 5% sem ekki voru seld Orkuveitunni til Magma Energy Sweden.

Í framhaldi af gjaldþroti dótturfélags í eigu Nýsis hf. keypti sveitarfélagið af þrotabúi félagsins eignirnar Lækjarskóla, Íþróttahús Lækjarskóla, Bjarkarhús - Íþrótt- og kennslumiðstöð og Leikskólann Álfastein, en eignir þessar hafði sveitarfélagið leigt af félaginu. Kaupin voru fjármögnuð með lántöku hjá NBI hf.

Í mars og apríl 2010 gaf Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga út tvö álit. Álit 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga* og álit 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Reglur þessar taka gildi og skal þeim beitt við reikningsskil sveitarfélaga fyrir árið 2010. Viðeigandi færslur skulu gerðar í ársbyrjun 2010. Sveitarfélögum er heimilt að beita reglunum við reikningsskil fyrir árið 2009 og gera viðeigandi færslur í efnahagsreikningi miðað við árslok 2009. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í skýringum í ársreikningnum.

Við gerð ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2009 hafa stjórnendur þess ákveðið að nýta sér þessi heimildarákvæði og beita því framangreindum reglum við gerð ársreikningsins. Innleiðing þessara reglna hefur ekki áhrif á rekstrarreikning 2009 en leiðir til hækkunar á bókfærðu eigin fé A hluta um 5.669,7 millj. kr. og sömu áhrif eru á eigið fé A og B hluta.

Á árinu var íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins endurmetið og skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi. Eignirnar, sem áður voru skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði, voru endurmetnar til gangvirðis í samræmi við heimild í 31. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Endurmetið hefur ekki áhrif á rekstrarreikning 2009 en leiðir til hækkunar á bókfærðu eigin fé A og B hluta um 1.839,5 millj. kr. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í skýringum í ársreikningnum.

Sveitarfélagið ásamt stofnunum þess ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt öðrum aðildarfyrirtækjum sjóðsins, þar með talið Byr sparisjóði sem nýverið var yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu. Óvissa ríkir um uppgjör lífeyrisskuldbindingar starfsmanna sparisjóðsins í eftirlaunasjóðnum, en hún nemur um 1,3 milljörðum kr. í árslok 2009.

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009 er gefinn út hinn 3. maí 2010 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 3. maí 2010

Bæjarstjóri:



# Áritun bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, maí 2010

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringum 3c, 15 og 16a í ársreikningnum. Í skýringu 3c kemur fram að sveitarfélagið hefur endurmetið íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins til gangvirðis miðað við fasteignamat og skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi. Endurmatið leiðir til hækkunar á bókfærðu eigin fé A og B hluta um 1,8 milljarða kr.

Í skýringu 15 kemur fram að gerð er leiðrétting á tekjufærðum söluhagnaði og dráttarvöxtum í ársreikningi 2008 vegna sölu á eignarhlutum í HS Orku hf. til Orkuveitu Reykjavíkur. Áhrif leiðréttingarinnar nema um 1,5 milljörðum kr. og er þau færð til lækkunar á eigin fé og hafa því ekki áhrif á rekstrarreikning ársins 2009, en samanburðartölum er breytt.

Í skýringu 16a kemur fram að óvíska ríki um uppgjör lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Byrs sparisjóðs í Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar en skuldbinding vegna starfsmanna sparisjóðsins nemur um 1,3 milljörðum kr. í árslok 2009. Komi skuldbindingin til með að falla að einhverju leyti á sveitarfélagið getur það haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.


Reykjavík, 3. maí 2010

KPMG hf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Hafnarfjarðarbæjar, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hafnarfirði, 3. maí 2010



## Rekstrarreikningur ársins 2009

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	10.495.798	9.990.690	10.138.523	10.463.065	9.990.690	10.112.124
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	483.856	402.000	526.849	483.856	402.000	526.849
Aðrar tekjur .....	1.928.840	1.296.791	2.005.704	3.214.211	2.427.388	3.289.661
5	<u>12.908.494</u>	<u>11.689.481</u>	<u>12.671.075</u>	<u>14.161.133</u>	<u>12.820.078</u>	<u>13.928.634</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	6 7.192.823	6.496.156	7.204.944	7.367.136	6.677.955	7.399.264
Annar rekstrarkostnaður .....	7 4.735.220	4.527.382	6.359.984	5.033.911	4.606.992	6.677.122
Afskriftir .....	10 571.360	550.000	575.112	787.257	824.232	850.996
	<u>12.499.404</u>	<u>11.573.538</u>	<u>14.140.040</u>	<u>13.188.304</u>	<u>12.109.179</u>	<u>14.927.383</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....	409.090	115.943	(1.468.965)	972.829	710.899	(998.748)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	8 (1.922.413)	229.771	(2.115.769)	(2.653.986)	(210.396)	(4.671.282)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	15 <u>(1.513.323)</u>	<u>345.714</u>	<u>(3.584.734)</u>	<u>(1.681.157)</u>	<u>500.503</u>	<u>(5.670.030)</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2009	2008	2009	2008
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir, lóðir og lendur .....	26.266.325	15.533.936	31.726.351	18.709.372
Veitur, götur og hafnarmannvirki .....	2.105.971	1.680.806	8.233.191	7.911.946
Vélar, áhöld og tæki .....	336.107	185.172	382.885	245.254
Leigðar eignir .....	840.600	0	840.600	0
10	29.549.003	17.399.914	41.183.027	26.866.572
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	11 1.567.742	1.609.546	903.693	945.496
Langtímakröfur .....	12 3.986.627	185.860	4.018.122	207.178
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	13 0	194.494	0	0
		5.554.369	4.921.814	1.152.674
Fastafjármunir	35.103.372	19.389.814	46.104.842	28.019.246
<b>Veltufjármunir</b>				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar skatttekjur .....	14 1.255.305	1.047.884	1.255.305	1.047.884
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	12 71.732	46.798	76.145	49.793
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	175.723	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	14 848.208	8.540.229	952.936	8.625.270
Handbært fé.....	4j 39.143	70.290	195.786	181.530
Veltufjármunir	2.214.388	9.880.924	2.480.173	9.904.477
<b>Eignir samtals</b>	37.317.760	29.270.739	48.585.014	37.923.723
<b>Eignir utan efnahagsreiknings</b> .....	4k			

# 31. desember 2009

## Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2009	2008	2009	2008	
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	15	4.068.254	(88.108)	6.922.018	1.093.979
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....		4.897.200	4.365.200	5.045.656	4.504.900
Skattskuldbinding.....		53.773	0	53.773	0
Aðrar skuldbindingar.....		118.795	125.783	118.795	125.783
	16	5.069.768	4.490.983	5.218.224	4.630.683
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	17	19.236.817	17.077.285	26.211.036	24.640.406
Leiguskuldir.....	18	1.652.486	0	1.652.486	0
		20.889.303	17.077.285	27.863.522	24.640.406
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		238.751	1.623.468	238.751	1.623.468
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		600.548	477.035	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	4.299.313	964.589	6.105.216	1.107.685
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	18	171.382	0	171.382	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga.....		93.988	70.000	101.688	77.000
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	19	0	1.490.278	0	1.490.278
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.886.454	3.165.209	1.964.214	3.260.225
		7.290.435	7.790.579	8.581.250	7.558.656
Skuldir og skuldbindingar samtals		33.249.505	29.358.847	41.662.996	36.829.744
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>37.317.760</b>	<b>29.270.739</b>	<b>48.585.014</b>	<b>37.923.723</b>

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings ..... 21

# Sjóðstreymisýfirlit 2009

Skýr	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða.....	15	(1.513.323)	345.714	(3.584.734)	(1.681.157)	500.503	(5.670.030)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Söluhagnaður .....		(302.581)	0	(5.000.018)	(302.581)	0	(5.000.018)
Tekjur af gatnagerð .....		(502.868)	0	0	(502.868)	0	0
Afskriftir .....	10	571.360	550.000	575.112	787.257	824.232	850.996
Verðbætur og gengismunur .....		1.086.356	(120.146)	6.461.155	1.681.853	203.443	8.861.587
Skattskuldbinding, breyting .....		53.773	0	0	53.773	0	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	16	632.339	350.000	1.150.945	649.416	360.000	1.184.557
Veltufé frá (til) rekstrar		25.056	1.125.568	(397.539)	685.692	1.888.178	227.092
Breytingar á rekstrar- tengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, (hækkun) .....		(207.421)	0	(121.303)	(207.421)	0	(121.303)
Aðrar skammtímakr., breyting .....		1.418.940	(70.980)	(500.903)	1.399.252	(65.143)	(411.776)
Skammtímaskuldir, breyting .....		(1.278.755)	(302.284)	1.800.654	(1.296.011)	(310.118)	1.759.164
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	16	(83.339)	(80.960)	(68.535)	(90.960)	0	(74.976)
Samtals		(150.576)	(454.224)	1.109.912	(195.139)	(375.261)	1.151.109
Handbært fé (til) frá rekstri		(125.520)	671.344	712.372	490.553	1.512.917	1.378.201
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum .....	10	(1.581.761)	(1.118.800)	(3.828.549)	(2.125.514)	(1.590.800)	(5.381.837)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting.....	19	(987.410)	0	(2.593.016)	(987.410)	0	(2.593.016)
Fjárfesting í eignarhlutum .....		(24.377)	0	(90.666)	(24.377)	0	(30.406)
Innborgað vegna sölu eigna.....		3.073.377	500.000	30.500	3.073.377	710.718	30.500
Langtímakröfur, breyting.....		31.331	27.812	71.622	22.213	28.660	73.991
Fjárfestingarhreyfingar		511.160	(590.988)	(6.410.108)	(41.710)	(851.422)	(7.900.769)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Tekin ný langtímalán .....	17	1.558.241	1.055.038	5.919.423	2.202.241	2.055.038	6.643.475
Afborganir langtímalána .....	17	(1.087.833)	(283.426)	(278.548)	(1.252.110)	(438.078)	(437.555)
Skammtímalán, breyting.....		(1.384.717)	(623.669)	(106.435)	(1.384.717)	(2.309.579)	(106.435)
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting.....		497.522	(268.299)	208.141	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(416.787)	(120.356)	5.742.581	(434.586)	(692.619)	6.099.485
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé ..</b>		(31.147)	(40.000)	44.845	14.256	(31.124)	(423.083)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		70.290	15.000	25.445	181.530	77.561	604.613
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		39.143	(25.000)	70.290	195.786	46.437	181.530
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum .....		(3.800.000)	(3.800.000)	0	(3.800.000)	(3.800.000)	0
Tekin ný langtímalán .....		3.800.000	3.800.000	0	3.800.000	3.800.000	0
Söluverð eignarhluta .....		184.370	0	6.547.677	184.370	0	6.547.677
Langtímakröfur, breyting .....		(3.723.370)	0	0	(3.723.370)	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....		3.539.000	0	(6.547.677)	3.539.000	0	(6.547.677)

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Hafnarfjarðarbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 25.872 þann 1. desember 2009. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð auk Eignasjóðs. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarhöfn og Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu sem kemur fram í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

### a. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en til þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamnings meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 31. desember 2009 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitid eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning 31. desember 2009 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 983,3 millj. kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

### b. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við 31. desember 2009 og eru lóðir og lendum sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 6.653,0 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

### **3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, frh.**

#### **c. Endurmat íbúðarhúsnæðis**

Á árinu var íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins endurmetið og skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi. Eignirnar, sem áður voru skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði, voru endurmetnar til gangvirðis í samræmi við heimild í 31. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Gangvirði þessara eigna er ákvarðað út frá fasteignamati og matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við 31. desember 2009 og er íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins endurmetið til gangvirðis miðað við þann dag. Endurmatið leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna um 1.839,5 millj. kr. og sömu hækkunar á eiginfjárreikningi. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

### **4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

#### **a. Innlausn tekna**

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 4d. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

#### **b. Færsla gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### **c. Verðlags- og gengisviðmið**

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### **d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lundur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af og íbúðarhúsnæði, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í árslok 2009 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

#### 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

##### d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Íbúðarhúsnæði er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti og eru allar verðmatshækkningar vegna þessa færðar á eiginfjárreikning. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

##### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 90 ár
Veitur, götur og hafnarmannvirki.....	25 - 40 ár
Aðrar eignir.....	3 - 8 ár

##### f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 26 ár
-----------------	------------

##### g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

##### h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

##### i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

##### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

##### k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting A hluta í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

##### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrissréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2009. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

## Skýringar, frh.:

### 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### n. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

#### o. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og önnur mál

Upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings og önnur mál eru birtar í skýringum 21 og 23.

#### p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

### 5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>				
Útsvar .....	8.347.863	7.748.000	8.347.863	7.748.000
Fasteignaskattur .....	1.795.949	1.931.970	1.763.217	1.931.970
Lóðarleiga .....	351.985	310.720	351.985	310.720
	<u>10.495.798</u>	<u>9.990.690</u>	<u>10.463.065</u>	<u>9.990.690</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Framlag vegna grunnskóla .....	381.666	317.184	381.666	317.184
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....	80.520	65.610	80.520	65.610
Framlag vegna nýbúafraeðslu.....	21.670	19.206	21.670	19.206
	<u>483.856</u>	<u>402.000</u>	<u>483.856</u>	<u>402.000</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>10.979.654</u>	<u>10.392.690</u>	<u>10.946.922</u>	<u>10.392.690</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Þjónustutekjur .....	812.651	777.887	1.127.572	1.085.427
Endurgreiðslur.....	214.592	93.196	214.592	93.196
Eignatekjur .....	0	0	173.933	163.500
Vatnsskattur.....	0	0	412.678	355.161
Holræsagjald .....	0	0	432.306	405.927
Aðrar tekjur.....	901.596	425.709	853.130	324.178
	<u>1.928.840</u>	<u>1.296.791</u>	<u>3.214.211</u>	<u>2.427.388</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>12.908.494</u>	<u>11.689.481</u>	<u>14.161.133</u>	<u>12.820.078</u>

## Skýringar, frh.:

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Laun .....	5.319.218	4.916.925	5.453.339	5.054.364
Launatengd gjöld .....	1.241.266	1.229.231	1.272.003	1.263.591
	6.560.484	6.146.156	6.725.341	6.317.955
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	632.339	350.000	641.795	360.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	7.192.823	6.496.156	7.367.136	6.677.955

Í árslok 2009 störfuðu 1.903 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 1.271 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 39,5 millj. kr. á árinu 2009.

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Vöru- og þjónustukaup.....	2.714.824	2.647.593	3.013.515	2.727.203
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	2.020.396	1.879.789	2.020.396	1.879.789
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	4.735.220	4.527.382	5.033.911	4.606.992

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur .....	229.580	1.062.122	244.042	1.062.122
Vaxtatekjur af eigin fyrirtækjum.....	3.791	0	0	0
Hagnaður af sölu eignarhluta.....	178.733	0	178.733	0
Fjármagnstekjuskattur.....	(69.954)	(106.212)	(70.157)	(106.212)
Vaxtagjöld .....	(1.101.691)	(561.232)	(1.330.209)	(799.754)
Verðbætur .....	(410.039)	(164.907)	(801.354)	(366.552)
Vaxtagjöld og verðb., eigin fyrirtæki.....	(64.953)	0	0	0
Gengismunur .....	(687.880)	0	(875.042)	0
Samtals.....	(1.922.413)	229.771	(2.653.986)	(210.396)

## Skýringar, frh.:

### 9. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2009			Áætlun 2009
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	11.268.897	11.268.897	10.432.690
Félagsþjónusta.....	1.210.560	222.857	(987.703)	(1.001.939)
Heilbrigðismál.....	61.142	0	(61.142)	(61.142)
Fræðslu- og uppeldismál.....	7.895.655	707.877	(7.187.778)	(6.390.089)
Menningarmál.....	359.585	24.751	(334.833)	(312.762)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	2.024.227	582.959	(1.441.268)	(1.306.229)
Brunamál og almannavarnir.....	145.996	0	(145.996)	(161.406)
Hreinlætismál.....	208.691	146.403	(62.288)	(73.709)
Skipulags- og byggingarmál.....	130.306	29.549	(100.756)	(80.982)
Umferðar- og samgöngumál.....	419.318	0	(419.318)	(479.148)
Umhverfismál.....	173.880	0	(173.880)	(88.721)
Atvinnumál.....	7.953	2.648	(5.304)	(8.500)
Sameiginlegur kostnaður.....	726.357	85.002	(641.355)	(613.256)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	632.339	0	(632.339)	(377.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	0	939.024	939.024	1.163.674
Aðalsjóður samtals	13.996.008	14.009.967	13.958	641.481
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður.....	4.481.773	2.954.492	(1.527.281)	(295.767)
Innri færslur A hluta.....	(3.116.941)	(3.116.941)	0	0
A hluti samtals	15.360.841	13.847.517	(1.513.323)	345.714
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Vatnsveita .....	229.987	412.678	182.691	199.429
Fráveita .....	530.723	432.306	(98.417)	34.018
Hafnarsjóður.....	352.540	314.921	(37.619)	15.320
Húsnæðisskrifstofa.....	388.422	173.933	(214.489)	(93.978)
Innri færslur A og B hluta.....	(81.198)	(81.198)	0	0
A og B hluti samtals	16.781.314	15.100.157	(1.681.157)	500.503

## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

##### A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur og byggingareitir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2009.....	21.717.768	2.069.498	547.938	24.335.205
